



Stjórnarfundur 6.júní 2013, nr. 20

Fundurinn er haldinn á Vonarlandi á Egilsstöðum.

Mætt: Anna Dóra Helgadóttir, Karl Sölvi Guðmundsson, Valdimar O. Hermannsson, Sverrir Mar Albertsson, Auður Ingólfssdóttir, Þórunn Eymundardóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir hefur tilkynnt seinkun- mætir kl. 15.20. Rögnvaldur Ólafsson boðar forföll. Fundarritari Bergþóra Arnórsdóttir.

Valdimar setur fund klukkan 15.10, bíður fundarmenn velkomna og gengur til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar- og framkvæmdaráðs staðfestar og undirritaðar.
2. Ársfundur Austurbrúar, haldinn 31/05 '13 stutt endurmat stjórnar.
3. Samþykktir um verklag og fundarskóp stjórnar, ásamt siðareglum.
4. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöður mála (KSG).
5. Húsnæðismál á Egilsstöðum – staða mála og næstu skref
6. Ályktun um gjaldtöku á ferðamannastöðum, erundi frá fulltr. Markaðssviðs.
7. Fundir/verkefni stjórnar og framkvæmdaráðs Abr. í sumar2013
8. Önnur mál, erindi, bréf og fl.
 - a. Upplýsingar og kynningar á Abr.

1. Undirritun og staðfesting fundargerða stjórnar og framkvæmdaráðs.

2. Ársfundur

Valdimar fjallar um fundinn, var ánægður með umgjörð fundarins, rennsli á kynningum hefði mátt vera betra. Fundargerð ársfundar fylgir fundargögnum. Rætt er sérstaklega um kostnað við yfirstjórn sem spurt var um á ársfundi. Samþykkt að upplýsingar sem Anna Dóra hefur tekið saman verði sendar til fagráðs. Umræður um kostnað við yfirstjórn nú og fyrir sameiningu og rætt um með hvaða hætti sé hægt að setja hann fram með skýrum hætti án þess að leggja í mjög mikla fyrirhöfn, vinnu og kostnað við að grafast fyrir um fortíðina. Til minnis fyrir næsta ársfund þá væri heppilegt að hafa tilbúna



fréttatilkynningu til að senda að loknum fundi. Vekja þarf athygli sviðstjóra á að senda fréttatilkynningar til fjölmiðla vegna verkefna sem ástæða er til að fjalla um. Rætt um möguleika á að hafa atburðadagatal fyrir Austurland.

3. Verklag og fundarsköp

Farið yfir reglur sem kynntar voru á ársfundi. Koma þarf upp fundagerðabók frá fyrsta ársfundi og setja inn 19. og 20. fund, þessa tvo fundi sem haldnir hafa verið frá ársfundi. Framkvæmdastjóri útvegar fundagerðabók.

Rætt um Sharepoint gátt stjórnarmanna, þar er hægt að vista gögn fyrir stjórnarfundinn þannig að þau séu aðgengileg fundarmönnum tímanlega og þá jafnframt ef þarf að senda til þeirra sem óska eftir frekari gögnum.

Lagt til að innra mat á starfi stjórnar fari fram árlega, á fyrsta fundi eftir áramót í janúar. Rætt sérstaklega um trúnað á fundum.

Verklagsreglur kynntar og samþykktar samhljóða af stjórn.

Siðareglur kynntar, þær hafa fengið umfjöllun í starfsháttanefnd og eru samþykktar samhljóða af stjórn.

Verklagsreglur og siðareglur þarf að leggja fyrir og staðfesta á næsta ársfundi.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fer yfir skipurit Austurbrúar eftir ársfund. Fyrirkomulagið er nokkuð flókið en meðal fundarmanna kom fram að skipuritið þarf að þola ákveðinn vöxt til framtíðar og allt er þarna af ákveðinni ástæðu. Eftir ársfund eru ýmis mál farin að skýrast og til dæmis þarf að endurskoða færslur í bókhald þannig að það henti starfseminni sem best. Rætt um stoðþjónustu og framkvæmdasvið og um kostnað vegna þess. Rætt um stoðsvið og hvar það eigi að vera í skipuritinu. Einnig rætt um verkefni sveitarstjórnarmála og hvar það falli inn í skipuritið. Samþykkt að framkvæmdastjóri setji upp tillögu að skipuriti og leggi fyrir næsta stjórnarfund.



Veikleikaskýrsla frá KPMG kynnt. Farið yfir skýrsluna, verið er að vinna að því að laga þau atriði sem athugasemdir komu um. Fram kom að einhverjar af athugasemdunum byggðu á veikum grunni – t.d. hvað varðar samþykkt á launakeysrum og fleir atriðum.

Framkvæmdastjóri fer yfir breytingar á starfsmannamálum, störf verða auglýst 15.júní.

Fagráðsfundur og fulltrúafundur voru í síðustu viku. Nýr formaður var kosinn í fagráð, Rannveig Þórhallsóttir. Umræða um mikilvægi þess að fagráð hitti fulltrúa og ræði faglegt starf. Formaður fagráð þarf að vera í góðu samstarfi við framkvæmdastjóra varðandi fundi fagráðs og fulltrúa.

5. Húsnæðismál á Egilsstöðum, staða mála og næstu skref.

Í samræmi við siðareglur tekur Stefán Bogi fram að hann er vanhæfur til að taka afstöðu í þessu máli. Hann kynnir núverandi stöðu, fer yfir teikningar og verkáætlun, hann vísar af fundi kl. 17.20. Umræður um húsnæðið og hvort skoða eigi aðra möguleika. Sérstaklega er fjallað um hver verður kostnaður Austurbrúar og tekið fram að leiguverð verði ekki umfram markaðsverð leigu á almennum markaði á svæðinu. Einnig um starfsmannahald vegna umsjónar á fasteignum. Stjórn felur framkvæmdaráði að vinna með framkomna tillögu og gangi til samninga við Vísindagarð með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Stefán Bogi kemur aftur inn á fundinn kl. 17.30.

6. Ályktun um gjaldtöku á ferðamálastöðum – erindi frá fulltrúa markaðssviðs

Valdimar les upp ályktunina, umræður. Verklagsreglur eru þannig að ályktanir sem þessar verði bornar undir framkvæmdastjóra og hann ákveður hvort bera þurfi þær undir stjórn eftir eðli ályktana. Stjórnin vísar til ályktunar Ferðamálasamtaka Austurlands sem hafa nú þegar nú samþykkt ályktun sama efnis.

7. Fundir/ verkefni stjórnar og framkvæmdaráðs í sumar.

Umræður um sumarfrí stjórnarmanna, stjórnarfundur ákveðinn í 9. júlí kl. 15.00 og framkvæmdaráð 18.júní kl.14.00

8. Önnur mál.



Rætt um starfsmannamál á Hornafirði og framkvæmdastjóra falið að ljúka málinu. Karl og Valdimar áttu fund með Vilhjálmi á Seyðisfirði í dag, rætt um hver stefna væri varðandi starfsstöð á Seyðisfirði. Niðurstaða að SFK sendi ítrekun til ráðuneytis varðandi áframhaldandi fjármögnun á starfi þar í miðstöð menningarfræða.

Auður spyr um húsnæði þróunarfélagsins á Egilsstöðum, Anna Dóra svarar því að búið sé að leigja tvær skrifstofur og ein skrifstofa laus núna.

Anna Dóra hefur verið stjórnarmaður STARFA og spyr hvort annar aðili vilji taka það að sér – Önnu Dóru falið að sitja áfram í stjórninni. Auður spyr um húsnæðismál Upplýsingamiðstöðvar, umræður um það og Auði kynnt lauslega það sem unnið hefur verið í stjórn í þessu máli. Arnbjörg er stjórnarformaður Breiðdalsseturs og kynnr aðkomu Austurbrúar fyrir stjórn. Hún minnr jafnframt á málþing sem verður í Breiðdalssetri næst komandi laugardag um íslenskt mál með áherslu á austfirsku.

Fundi slitið kl. 18.10

Valdimar O. Hermannsson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Anna Dóra Helgadóttir

Auður Ingólfssdóttir

Sverrir Mar Albertsson

Þórunn Eymundardóttir